



Stofnun sjálfstæðrar innlendrar mannréttindastofnunar á Íslandi

Oddný Mjöll Arnardóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS
LAGAÐEILD



Parísarreglurnar

- Samþykktar á allsherjarþingi SP 1993
- Skilyrði sem innlendar stofnanir þurfa að uppfylla
 - Vítt umboð til að vinna að eflingu og vernd mannréttinda
 - Skilgreindar í lögum eða stjórnarskrá
 - Stjórn endurspegli borgaralegt samfélag (fjölhyggja)
 - Fulltrúar grasrótarsamtaka, fagfélaga, stéttarfélaga, helstu strauma trúar og lífsskoðana, háskóla og löggjafarvalds.
 - Sjálfstæði
 - Fjárhagslegt og stofnanabundið (eigið starfslið og starfsstöð)





Parísarreglurnar

- Helstu verkefni
 - Veita framkvæmdarvaldinu, löggjafarvaldinu og öðrum aðilum ráðgjöf varðandi eflingu og vernd mannréttinda
 - Gera úttektir á stöðu mannréttindamála í landinu
 - Vinna að virkri framkvæmd mannréttindasáttmála SÞ og samræmi innlendrar réttarframkvæmdar við þá
 - Framlag til gerðar ríkjaskýrslna (að virtu sjálfstæði stofnunarinnar) og framlag til gerðar skuggaskýrslna samkvæmt mannréttindasáttmálum SÞ
 - Samstarfsaðili hins alþjóðlega mannréttindakerfis innanlands
 - „Aðstoða“ við mótun kennslu og rannsókna á sviði mannréttindamála og taka þátt í framkvæmd
 - Stuðla að vitundarvakningu um mannréttindi meðal almennings





Parísarreglurnar

- Hvernig verkefnin eru unnin
 - Eigið frumkvæði eða annarra
 - Heimildir til að afla gagna
 - Virkja fjölmiðla
 - Samráð við aðra aðila sem vinna að tengdum verkefnum (t.d. umboðsmenn)
 - Virk tengsl við grasrótarsamtök
 - Geta tekið við kvörtunum frá einstaklingum, en það er ekki nauðsynlegur þáttur í starfseminni





Aukin áhersla á innlendar mannréttindastofnanir

- Sameinuðu þjóðirnar
 - Allsherjarþingið áréttar mikilvægi þeirra reglulega í seinni tíð
 - 2008, 2009, 2011
 - Mannréttindafulltrúi SP lítur á þær sem lykilaðila á sviði mannréttindaverndar og vinnur að styrkingu og eflingu þeirra
 - Athugasemdir við nánast allar ríkjaskýrslur Íslands í seinni tíð
 - Tilmæli í UPR ferlinu haustið 2011
 - Sáttmáli SP um réttindi fólks með fötlun frá 2006
 - 2. mgr. 33. gr. (um framkvæmd og eftirlit innanlands)
 - „Aðildarríkin skulu, í samræmi við réttar- og stjórnkerfi hvers ríkis um sig, viðhalda, treysta, tiltaka eða leggja starfsgrundvöll, m.a. eitt eða fleiri sjálfstæð kerfi, eftir því sem við á, í því skyni að greiða fyrir, vernda og fylgjast með framkvæmd samnings þessa. Samningsaðilarnir skulu, þegar þeir tiltaka slíkt kerfi eða koma því á, **taka mið af þeim meginreglum sem gilda um stöðu og starfsemi innlendra stofnana á sviði verndar og eflingar mannréttinda.**“





Aukin áhersla á innlendar mannréttindastofnanir

- Evrópa
 - Embætti mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins (stofnað 1999) leggur áherslu á samstarf við innlendar mannréttindastofnanir
 - Interlaken yfirlýsingin, febrúar 2010, eftir ríkjaráðstefnu um framtíð MDE
 - Ríki vinni að því „í samstarfi við innlendar mannréttindastofnanir eða aðra aðila“ að auka meðvitund yfirvalda um viðmið sáttmálans og beitingu þeirra (mgr. 4)
 - Brighton yfirlýsingin, apríl 2012, eftir ríkjaráðstefnu um framtíð MDE
 - Til að tryggja lífvænleika MSE eftirlitskerfisins skuli ríkin „vinna í anda samstarfs með borgaralegu samfélagi og innlendum mannréttindastofnunum“ (mgr. 4)
 - Til að tryggja innleiðingu MSE heima fyrir skuli ríkin „athuga stofnun innlendar mannréttindastofnunar, hafi þau ekki þegar gert það.“ (mgr. 9)
 - Oft er vísað til European Union Agency for Fundamental Rights sem „innlendar“ mannréttindastofnunar ESB





Aukin áhersla á innlendar mannréttindastofnanir

- Hagkvæmnisrök
 - Hið alþjóðlega kerfi erfiðar við að sinna málafjöldanum
 - Dæmi: MDE tekur við yfir 50.000 málum á ári, núverandi fortíðarvandi er upp á yfir 100.000 mál
- Efnisrök
 - Virkni réttarverndarinnar
 - Nálægðarreglan
- Einkenni þess að alþjóðlega mannréttindakerfið hafi náð ákveðnum þroska
 - Lögmæti kerfisins
 - Stofnanakerfi sem þarf „mótaðila“ á innanlandsvettvangi





Þróun hugmyndarinnar um innlenda mannréttindastofnun

- Hugmyndin um verkefni hefur þróast frá
 - ...stofnun sem styðji við þátttöku ríkja í alþjóðlega mannréttindakerfinu (1946)
 - ...yfir í stofnun sem vinni einnig að virkri vernd mannréttinda heima fyrir (1993)
- Hugmyndin um form er að þróast frá
 - ...mörgum minni stofnunum, s.s. margir umboðsmenn með þrengri verkahring eða nefndir og stofnanir með þemabundin verkefni
 - ...yfir í eina stærri og öflugri stofnun





Fyrirkomulagið

- Sérstök nefnd veitir viðurkenningar (International Coordinating Committee of NHRIs, Sub-committee on Accreditation)
 - A-stofnanir uppfylla öll viðmið Parísarreglnanna
 - 22 Evrópuríki
 - T.d. Danish Institute for Human Rights, Norwegian Center for Human Rights, Deutsches Institut für Menschenrechte, Commission Nationale Consultative des Droits de L’homme, Irish Human Rights Commission, Equality and Human Rights Commission (UK) og Scottish Human Rights Commission
 - Nýjustu hræringar skila sér ekki strax inn í viðurkenningarferlið
 - » Finnland, Holland o.fl.?
 - B-stofnanir uppfylla hluta viðmiða Parísarreglnanna
 - 8 Evrópuríki
 - T.d. Equality Ombudsman of Sweden, Equal Treatment Commission of the Netherlands, Austrian Ombudsman Board, Belgian Centre for Equal Opportunities and Opposition to Racism
 - C-stofnanir uppfylla ekki viðmið Parísarreglnanna
 - 2 Evrópuríki
 - Switzerland Federal Commission against Racism / for Gender Equality





Hræringar á Norðurlöndunum

- **Danska Mannréttindastofnunin**
 - A-stofnun, ca. 130 starfsmenn
 - Fer með hlutverk „jafnréttisstofu“ skv. mismununartilskipunum ESB (kynferði og etni) og hlutverk innlands aðila skv. Sáttmála SP um réttindi fólks með fötlun
 - Stundar rannsóknir á eigin vegum
 - Tekur ekki við kvörtunum einstaklinga
- **Norska Mannréttindastofnunin**
 - A-stofnun, ca. 70 starfsmenn, en er nátengd háskólanum í Osló
 - Er verið að breyta henni til að aðskilja háskólastarfsemina og starfsemi innlendrar mannréttindastofnunar
 - „Jafnréttisstofa“ (umboðsmaður jafnréttis) fyrir allar mismununarástæður stofnuð 2005
- **Finnland**
 - Innlend mannréttindastofnun stofnuð 2012 sem sjálfstæð eining sem heyrir stjórnarsýslulega undir embætti Umboðsmanns alþingis, 3 starfsmenn. Virðist ekki hafa farið í gegnum viðurkenningarferli.
 - Institute for Human Rights er sjálfstæð háskólastofnun tengd Åbo Akademi University
 - 2 „Jafnréttisstofur“ skv. mismununartilskipunum ESB (kynferði og etni)
- **Svíþjóð**
 - Engin A-stofnun
 - Raoul Wallenberg Institute for Human Rights and Humanitarian Law er háskólastofnun tengd Lundi og óskar ekki eftir hlutverki innlendrar stofnunar
 - „Jafnréttisstofa“ (umboðsmaður jafnréttis) fyrir allar mismununarástæður stofnuð 2008 og listuð sem B-stofnun





Fyrirkomulagið á Íslandi

- Helstu sjónarmið varðandi fyrirkomulag íslenskrar A-stofnunar
 - Almenn atriði
 - Hagkvæmni stærðarinnar og margfeldisáhrif af því að draga fagþekkingu saman á einn stað
 - Athuga þó að draga ekki úr fjárveitignum/áherslu á sjálft starfið í þágu ákveðinna málaflokka
 - Tengsl við háskólasamfélagið
 - Starfsemi innlendra stofnana er eðlisólík starfsemi háskóla og ætti ekki að blanda saman í einum og sama aðila
 - Vegna fámennis og til að nýta þá fagþekkingu sem fyrir er í háskólasamfélaginu ætti innlend stofnun ekki að leggja áherslu á eigin rannsóknir, heldur „bjóða út“ rannsóknarverkefni (sbr. t.d. FRA)
 - Tengsl við embætti Umboðsmanns alþingis og ýmsar kærunefndir
 - Innlend stofnun ætti ekki að taka við kvörtunum einstaklinga, við höfum ýmsar kærunefndir og embætti Umboðsmanns alþingis sem sinna því verkefni á sínum sviðum
 - Tengsl við Jafnréttisstofu
 - Eðlislík verkefni, hafa víða verið sameinuð. Það liggur fyrir að Ísland þarf samkvæmt mismununartilskipunum ESB og í tengslum við endurskoðun jafnréttislaga and endurskoða verkefnasvið / stofnauppbyggingu á þessu sviði.
 - Tengsl við aðra aðila?
 - Fer eftir eðli verkefnana

